

og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 3,00 kr. á umbúðir úr stáli, 2,20 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 1,60 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 1,60 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,32 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

Gjört á Bessastöðum, 9. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna.

Forsætisráðuneytinu, 26. apríl 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.